

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að í ársreikningi Pírata er tekjufærsla framlags frá ríkinu ekki með sama hætti og almennt er hjá öðrum stjórnálagssamtökum.

Píratar

Samstæðu ársreikningur

31.12.2019

Píratar
Síðumúla 23
108 Reykjavík

kt. 461212-0690

Píratar

Samstæðu ársreikningur

31.12.2019

Áritun endurskoðanda.....	Bls.	2-3
Skýrsla stjórnar.....	-	4
Rekstrarreikningur 2019.....	-	5
Efnahagsreikningur 31.12.19.....	-	6
Skýringar.....	-	7-10

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar stjórnarmálflokks Pírata

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðu ársreikning Pírata fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrar- og efnahagsreikning, og skýringar.

Það er álit okkar að samstæðu ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Pírata á árinu 2019 og efnahag þeirra 31. desember 2019 í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármál stjórnarmálflokka og upplýsingaskýrslu þeirra, og ríkjandi reikningsskilareglur.

Grundvöllur að álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við eru óháð Pírötum í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum okkur hafa aflað nægilegra og viðeigandi gagna við endurskoðunina til að byggja álit okkar á.

Ábending

Án þess að gera fyrirvara um það í áritun okkar, vekjum við athygli á skýrslu stjórnar og skýringu 2 með ársreikningnum þar sem fjallað er um að samstæðureikningurinn nái ekki yfir öll aðildarfélög Pírata, enda er það í samræmi við 8. grein laga nr. 106/2006 þar sem fram kemur að heimilt sé að halda aðildarfélögum sem hafa tekjur undir kr. 550.000 utan samstæðu ársreiknings.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn Pírata og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn Pírata og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn Pírata og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi þess og upplýsa eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreiknings

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, miðað við þær aðferðir, sem beitt er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, en ekki trygging þess að endurskoðunin leiði til uppgötvunar allra verulegra skekkja, sem gæti verið að séu til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegru dómgreind og gagnrýnni hugsun. Í tengslum við endurskoðunina framkvæmum eftirfarandi:


- Greinum og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem hún helgast af mistökum eða sviksemi. Hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við framangreindri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. *Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.*
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Förum yfir og metum út frá endurskoðun okkar, álit stjórnenda á rekstrarhæfi félagsins, sem og látum í ljós álit okkar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar, sem og veruleg atriði er komu upp við endurskoðunarvinnu okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Reykjavík 19. nóvember 2020.

Skattur & bókhald


Guðlaugur Guðmundsson
Endurskoðandi

Áritun skoðunarmanna


Við undirritaðir skoðunarmenn, höfum yfirfarið samstæðu ársreikning Pírata fyrir árið 2019. Það er álit okkar að hann gefi glögga mynd af afkomu ársins 2019 og efnahag þann 31.12.2019.


Án þess að gera fyrirvara um það í áritun okkar viljum við vekja athygli á því að við skoðun okkar kom í ljós að það vantar reikninga samtals að fjárhæð kr. 1.300.000 að baki bókfærðum útgjöldum. Þó flestar þessar fjárhæðir séu mjög lágar og ljóst sé af öðrum gögnum hvað stendur að baki, þá viljum við láta í ljós það álit okkar að leggja þurfi áherslu á að tryggja það, að reikningar séu að baki öllum bókfærðum útgjöldum.

Einnig viljum við láta í ljós það álit okkar að okkur þyki rekstur Pírata hafa verið heldur kostnaðarsamur eigi það markmið að nást að flokkurinn eigi nægilegan sjóð til þess að standa straum af kosningabaráttu á komandi ári. Þá leggjum við til að framvegis verði stefnt að því að ljúka ársreikningagerð fyrir en verið hefur undanfarin ár, helst ekki síðar en þremur mánuðum eftir hver áramót. Sömuleiðis að haldnir verði sérstakir uppgjörsfundir, þar sem mætti fara yfir ársreikninginn og koma á framfæri tillögum um úrbætur ef tilefni þykir til.

Við höfum samþykkt ársreikninginn.

Reykjavík 19. nóvember 2020.


Guðjón Sigurbjartsson,
skoðunarmaður


Tinna Helgadóttir,
skoðunarmaður

Skýrsla framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra

Píratar eru stjórnmalaflokkur og starfa í samræmi við almenn lög um félagasamtök, sem og lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra.

Samstæðu ársreikningur Pírata er samstæðu ársreikningur stjórnmalaflokks Pírata (aðalskrifstofa), þingflokks og aðildarfélaga. Í samræmi við lög nr. 162 / 2006 eru aðildarfélög sem hafa tekjur undir kr. 500.000 ekki hluti samstæðu ársreiknings þessa.

Að álitum framkvæmdastjórnar og framkvæmdastjóra Pírata koma fram í samstæðureikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu flokksins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri bróun á árinu.

Afgangur af rekstri flokksins á árinu 2019 nam tæplega 2,6 milljónum króna og leggja framkvæmdastjóri, stjórn og framkvæmdaráð til að hann verði fluttur óskiptur til næsta árs. Að öðru leyti vísa framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri í samstæðu ársreikninginn um aðrar breytingar á eigin fé.

Framkvæmdastjórn og framkvæmdastjóri Pírata staðfesta hér með samstæðureikning flokksins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. nóvember 2020

Framkvæmdastjóri,

Elsa Kristjánsdóttir

Framkvæmdastjórn

Gamithra Marga

Björn Þór Jóhannesson

Vignir Árnason

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Tekjur			
Framlög til stjórnmalaflokks úr ríkissjóði	3	70.495.186	66.465.704
Sérstakt framlag úr ríkissjóði vegna kosninga	3	0	3.038.332
Framlag til þingflokks úr ríkissjóði	3	12.391.230	8.278.146
Framlög frá sveitarfélögum	3	2.630.495	1.898.863
Styrkir frá einstaklingum	3	34.600	389.158
Félagsgjöld	3	397.250	1.722.000
Aðrar tekjur	3	0	4.000
		<u>85.948.761</u>	<u>81.796.203</u>
Rekstrarkostnaður			
Aðalskrifstofa	4	64.907.972	41.048.794
Þingflokkur Pírata	4	15.051.372	5.688.688
Aðildarfélög	4	1.827.769	845.884
Sveitarstjórnarkosningar	4	301.000	44.822.726
		<u>82.088.113</u>	<u>92.406.092</u>
Afgangur af rekstri		3.860.648	(10.609.889)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		99.844	89.426
Vaxtagjöld		(1.400.633)	(1.219.414)
		<u>(1.300.789)</u>	<u>(1.129.988)</u>
Afgangur / (halli)		<u>2.559.859</u>	<u>(11.739.877)</u>

Efnahagsreikningur

	Skýr.	31.12.2019	31.12.2018
Eignir			
Veltufjármunir			
Vörur til endursölu		0	100.000
Reykjavíkurborg		1.955.040	1.092.663
Ríkissjóður Íslands		47.344.211	49.340.283
Aðrar skammtímakröfur		258.122	23.242
Handbært fé		5.333.887	7.738.876
		<u>54.891.260</u>	<u>58.295.064</u>
	Eignir	<u>54.891.260</u>	<u>58.295.064</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Uppsafnaður afgangur	7	<u>37.614.757</u>	<u>35.256.746</u>
		<u>37.614.757</u>	<u>35.256.746</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		149.249	173.426
Skuldir við lánastofnanir		15.033.866	21.017.996
Aðrar skammtímaskuldir		2.093.388	1.846.896
		<u>17.276.503</u>	<u>23.038.318</u>
	Eigið fé og skuldir	<u>54.891.260</u>	<u>58.295.064</u>

Skýringar

Píratar

1. Píratar eru stjórnmalaflokkur og starfa í samræmi við almenn lög um félagasamtök, sem og lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalaflokka og frambjóðenda upplýsingaskyldu þeirra.

Reikningsskilaaðferðir

Um samstæðu ársreikninginn

2. Samstæðu ársreikningur Pírata er samstæðu ársreikningur stjórnmalaflokks Pírata (aðalskrifstofa), þingflokks og aðildarfélaga. Í samræmi við lög nr. 162 / 2006 eru aðildarfélög sem hafa tekjur undir kr. 500.000 ekki hluti samstæðu ársreiknings þessa.

Til aðildarfélag í samstæðuársreikningi þessum teljast eftirfarandi félög:

<u>Heiti félags</u>	<u>Heimilisfang</u>
Píratar í Kópavogi	Hamraborg 9, 200 Kópavogi
Píratar á Norðausturlandi	Þingvallastræti 16, 600 Akureyri
Píratar í Reykjavík	Síðumúla 23, 108 Reykjavík
Píratar í Reykjanesbæ	Hafnargötu 15, 230 Reykjanesbær
Píratar á Suðurlandi	Hjarðarholti 13, 800 Selfoss

Grundvöllur reikningsskilanna

Samstæðu ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi, þar með talið lög nr. 162/2006 um fjármál stjórnmalasamtaka og frambjóðenda og upplýsingaskyldu þeirra, auk leiðbeininga Ríkisendurskoðunar um reikningshald stjórnmalasamtaka. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð í íslenskum krónum. Ársreikningurinn er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur fyrra árs.

Innlausn tekna

Tekjur eru skráðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og reikningsskilareglur. Í samræmi við það innleysa Píratar áunninn réttindi til framlaga í samræmi við dagsetningu niðurstöðu kosninga.

Aðrar reikningsskilaaðferðir

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum

Skýringar

Sundurgreining tekna

3. Tekjur greinast með eftirfarandi hætti:

	2019	2018
Innleyst áunnið framlag janúar - apríl 2019/2018, greitt úr ríkissj. 2019/2018.....	23.150.975	20.163.753
Innleyst áunnið framlag maí - desember 2019/2018, greitt úr ríkissj. 2020/2019.....	47.344.211	46.301.951
Sérstakt framlag úr ríkissjóði vegna kosninga.....	0	3.038.332
Framlag til þingflokks úr ríkissjóði.....	12.391.230	8.278.146
Framlög frá sveitarfélögum, Hafnarfjarðarbær.....	0	174.200
Framlög frá sveitarfélögum, Kópavogsbær.....	434.682	0
Framlög frá sveitarfélögum, Reykjanesbær.....	240.773	0
Framlög frá sveitarfélögum, Reykjavíkurborg.....	1.955.040	1.724.663
Styrkir frá einstaklingum undir 200.000,-.....	34.600	389.158
Félagsgjöld.....	397.250	1.726.000
	85.948.761	81.796.203

Þíratar fengu enga styrki, fyrirgreiðslur eða verulega afslætti frá lögaðilum á árunum 2019 og 2018.

Sundurgreining gjalda

4. Sundurgreining gjalda ársins 2019

	Aðalskrifstofa	Þingflokkur	Aðildarfélög	Alþingis / Sveitarstjórnar- kosningar	Samtals
Laun og launatengd gjöld...	40.989.217	10.436.078	0	0	51.425.295
Ferðakostnaður.....	642.258	352.357	17.826	0	1.012.441
Styrkir.....	112.880	0	0	0	112.880
Aðkeypt þjónusta.....	3.246.122	1.890.305	100.000	0	5.236.427
Kostnaður vegna funda.....	2.441.912	548.315	292.470	0	3.282.697
Húsnæðiskostnaður.....	8.506.996	0	934.000	0	9.440.996
Auglýsingar.....	1.046.620	1.294.830	177.847	0	2.519.297
Skrifstofukostnaður.....	7.821.967	507.452	265.626	301.000	8.896.045
Annars kostnaður.....	100.000	22.035	40.000	0	162.035
Samtals.....	64.907.972	15.051.372	1.827.769	301.000	82.088.113

4. Sundurgreining gjalda ársins 2018

	Aðalskrifstofa	Þingflokkur	Aðildarfélög	Alþingis / Sveitarstjórnar- kosningar	Samtals
Laun og launatengd gjöld...	19.958.271	3.077.868	0	0	23.036.139
Ferðakostnaður.....	210.623	98.576	59.711	767.276	1.136.186
Styrkir.....	10.750	56.200	0	150.000	216.950
Aðkeypt þjónusta.....	4.071.089	1.117.951	0	20.766.961	25.956.001
Kostnaður vegna funda.....	2.347.871	226.217	163.832	1.895.357	4.633.277
Húsnæðiskostnaður.....	9.041.507	0	180.000	3.581.776	12.803.283
Auglýsingar.....	87.470	528.786	24.275	16.736.659	17.377.190
Skrifstofukostnaður.....	5.071.213	583.090	418.066	540.038	6.612.407
Annars kostnaður.....	250.000	0	0	384.659	634.659
Samtals.....	41.048.794	5.688.688	845.884	44.822.726	92.406.092

Skýringar

Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld árið 2019

	<u>Aðalskrifstofa</u>	<u>Þingflokkur</u>	<u>Samtals</u>
Laun.....	33.406.008	2.450.000	35.856.008
Lífeyrissjóður.....	4.198.319	281.750	4.480.069
Önnur launatengd gjöld.....	3.384.890	202.298	3.587.188
Laun greidd af Alþingi, af framlögum til þingflokks.....	0	7.502.030	7.502.030
	<u>40.989.217</u>	<u>10.436.078</u>	<u>51.425.295</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	2,7	0,3	3,0

5. Laun og launatengd gjöld árið 2018

	<u>Aðalskrifstofa</u>	<u>Þingflokkur</u>	<u>Samtals</u>
Laun.....	16.383.948	2.241.590	18.625.538
Lífeyrissjóður.....	2.047.996	251.992	2.299.988
Önnur launatengd gjöld.....	1.526.327	584.286	2.110.613
	<u>19.958.271</u>	<u>3.077.868</u>	<u>23.036.139</u>
Meðalfjöldi starfsmanna.....	1,4	0,3	1,7

Handbært fé

6. Handbært fé samanstendur af peningum í sjóði og óbundnum bankareikningum.

Eigið fé

7. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	<u>Uppsafnaður tekjuafgangur</u>
Eigið fé 1.1.2018.....	46.794.775
Afgangur 2018.....	(11.739.877)
Eigið fé 31.12.2018.....	35.054.898
Afgangur 2019.....	2.559.859
Eigið fé 31.12.2019.....	<u>37.614.757</u>